

Skólaráðsfundur

FUNDARGERÐ	Tílefni fundar Níundi fundur skólaráðs		
Dags. fundar 11.06. 2013	Tími (08:10 – 09:30)	Staður Skrifstofa skólastjóra, Hjalla	Nr. fundar 9
Fundarboðandi Sigrún B.	Fundarritari Sigrún Guðm.	Fundarstjóri Sigrún B.	Fj. bls. 1

Boðaðir voru: Sigrún Bjarnadóttir, Anna Guðný Björnsdóttir, Sigrún Guðmundsdóttir, Hallgrímur Geir Gylfason, Selma Guðmundsdóttir, Ragnheiður Bóasdóttir, Össur Geirsson, og Hólmfríður Einarsdóttir.
Mættir voru: Allir mættir, nema Össur.
Málefni fundar: 1. Niðurstöður úr ytra mati. 2. Skólalok. 3. Önnur mál.

Málefni	Niðurstaða
1. Niðurstöður úr ytra mati.	<p>Farið var yfir bréf sem sent verður foreldrum um niðurstöður á ytra mati sem unnið var á vegum Námsmatsstofnunar fyrir Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Samband íslenskra sveitarfélaga. Matið er til að styðja skóla við að auka gæði náms og skólastarfs og stuðla að umbótum. Tilgangur matsins er einnig að afla upplýsinga um skólastarf, árangur þess og þróun fyrir fræðsluyfirvöld, starfsfólk skóla, viðtökuskóla, foreldra og nemendur. Skólinn fékk í heild mjög góða niðurstöðu og margar góðar athugasemdir komu fram sem unnið verður með í matsteymi skólans. Heildarniðurstaða er mjög góð og erum við komin mjög langt miðað við að skólinn er aðeins þriggja ára gamall.</p> <p>Skýrslan verður sett inn á heimasíðu um leið og hún er tilbúin.</p> <p>Lokaorð matsins er að Álfhólsskóli er skóli þar sem borin er virðing fyrir margbreytileika og leitast er við að koma til móts við þarfir allra nemenda.</p>
2. Skólalok.	Kennarar og stjórnendur eru að klára árskýrslur. Endur- og símenntun kennara 140 tímar fara í lestur og námskeið varðandi innleiðingu á nýrri aðalnámskrá. Fimm kennarar eru að fara á eftirlaun. Nemendum skólans er að fækka og er því tveimur stöðugildum færri.
3. Önnur mál	<p>Fyrirhugað e að byrja á að prófa speglunarkennslu í 8. – 9. bekk í náttúrufræði og jafnvel í stærðfræði.</p> <p>Selma kom með fyrirspurn frá stjórn foreldraráðs hvort ekki væri hægt að tilkynna foreldrum og nemendum fyrr ef um breytingar er að ræða varðandi umsjónarkennara.</p>